

Reykjavík 19. maí 2015

Innanríkisráðuneytið

Ólöf Nordal innanríkisráðherra

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um dómstóla o.fl.

Ágæti ráðherra.

Í upphafi ber að taka fram að Hervör Lilja systir mín er ein þeirra þriggja sem sömdu þau drög að frumvarpi sem til umsagnar er. Ég tel að það eigi ekki að breyta öllu um þá skyldu mína að veita „umsögn um megingintillögur nefndarinnar sem settar eru fram í frumvarpsdrögunum og athugasemdir réttarfarsnefndar um frumvarpsdrögin“, eins og farið er fram á í bréfi ráðherra 31. mars síðastliðinn. Einnig skal nefnt að auk þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands sit ég í stjórn Dómarafélags Íslands og eru báðir þessir umsagnaraðilar. Af framangreindum sökum tel ég rétt að skila sérstakri umsögn.

Fagna ber að vænta megi að sett verði á fót millidómstig á Íslandi eins og í öðrum löndum Vestur-Evrópu, sem taki bæði til einka- og sakamála. Er löngu kominn tími til, líkt og meðal annars er rakið í almennum athugasemdum með frumvarpsdrögunum.

Þegar um er að ræða jafn viðamiklar breytingar og hér um ræðir er eðlilegt að sitt sýnist hverjum um einstakar útfærslur. Það gildir einnig um mig. Málefnið er brýnt og er ekki rétt að drepa því á dreif heldur ber að virða meginniðurstöður nefndarinnar, að undangenginni yfirferð hennar um það sem ritað hefur verið um málefnið á umliðnum árum. Tel ég til að mynda rétta þá megináðferð sem lögð er til grundvallar í frumvarpsdrögunum um að skírskota

almennt til reglna um meðferð mála í héraði sé ekki kveðið á um sérstaka meðferð fyrir Hæstarétti eða Landsrétti.

Hvað varðar beiðni ráðherra um umsögn vegna athugasemda réttarfarsnefndar þá tek ég undir, eins og áður segir, niðurstöðu nefndarinnar um stuðning við meginefni frumvarpsdraganna.

Þá er fallist á með réttarfarsnefnd að fyllri umfjöllun hefði mátt vera í greinargerð með frumvarpsdrögunum hvað varðar breytingar á skipun dómara. Á hinn bóginn ætti aðkoma Alþingis við skipun dómara við Hæstarétt að vera til bóta, en hún er til þess fallin að tempra veitingavaldið. Nefndir um mat á hæfi dómara hafa notað matskennd viðmið. Er varhugavert að slíkar nefndir hafi rúma möguleika á að tilnefna einungis einn umsækjenda sem kandídat í dómaraembætti, líkt og nú er raunin. Þeir sem til þekkja vita að niðurstöður nefnda um skipun dómara hafa sætt gagnrýni meðal lögfræðinga, þó ekki hafi farið hátt. Meginreglan er sú að vald og ábyrgð eiga að fara saman. Má því viðhafa svipaða aðferð og í Noregi við val á dómurum í Landsrétt og héraðsdómurum, en það er ein aðferða sem réttarfarsnefnd nefnir.

Ég tek undir með réttarfarsnefnd að fyllri umfjöllun í greinargerð hefði mátt vera um breytingu við samningu dóma í Hæstarétti þó ég lýsi mig ekki andsnúinn þeirri breytingu.

Ég tek jafnframt undir þær ábendingar réttarfarsnefndar að kveða verði skýrt á um að kærumál, sem geta stundum verið veigamikil og varðað marga, eigi að geta komið til kasta Hæstaréttar svo hann geti frekar sinnt hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll. Þó verður ekki séð að þörf kunni að standa til þess að gæsluvarðhaldsúrskurðir sæti endurskoðun Hæstaréttar í stað Landsréttar, líkt og réttarfarsnefnd hefur orð á, en nú dæma ætíð þrír dómara við Hæstarétt í slíkum málum.

Réttarfarsnefnd gerir sérstaka athugasemd við að skorti á umfjöllun um breytta stjórnarsýslu í frumvarpsdrögunum. Nefndin er samdi drögin hefur skýrt það. Ekki er það mitt að vefengja þá niðurstöðu nefndarinnar að eftir skoðun hafi hún talið að mikill ágreiningur væri um þetta atriði og tillögur um breytingar myndu tefja málið um of. Þá hef ég ekki orðið var við að Hæstiréttur hafi viljað heyra undir Dómstólaráð, en Landsréttur ætti einnig að geta staðið sjálfstætt að þessu leyti án aðkomu Dómstólaráðs, a.m.k. til að byrja með.

Ástæðulaust er að fjalla um ýmsar smálegar athugasemdir réttarfarsnefndar, til að mynda um um fresti og símaskýrslur.

Loks má taka undir með réttarfarsnefnd að huga verði að því að nægt fé fái til dómstóla. Á hinn bóginn hafa fjárframlög til dómstóla á Íslandi ekki verið há miðað við hvað tíðkast annars staðar og eru þessar stofnanir í sjálfu sér einfaldar þegar kemur að rekstri.

Virðingarfyllt,

Ólafur Þórkur Þorvaldsson